

Sjómenn.

Aðalfundur Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur 2016 verður haldinn miðvikudaginn 28. desember kl. **18.00** á Sjómannastofunni Vör . Kvöldverður og léttar veitingar verða í boði félagsins að fundi loknum. Framboðsfrestur til stjórnar SVG rennur út 28 dögum fyrir aðalfund.

Að gefnu tilefni er öll áfengisneysla bönnuð á meðan á fundi stendur.

Dagskrá fundar.

1. Fundur settur
2. kosning fundarstjóra.
3. Skýrsla Stjórnar
4. Ársreikningar.
5. Stjórnarkjör.
6. Önnur mál , kjaramál, orlofsmál .o.f.l

Jólaball

Sjómanna og Vélstjórafélag Grindavíkur ásamt Verkalýðsfélagi Grindavíkur og Grindavíkurbæ verður með hið árlega jólaball í **Gjánni** nýrri aðstöðu íþróttamannvirkja við Austurveg. Þriðjudaginn 27. desember milli kl 16:00 - 18:00

Hin eina sanna jólarödd , **Helga Möller** heldur uppi fjörinu með söng og leikjum Jólasveinar koma og syngja og dansa í kringum jólatréð með krökkunum.

Allir krakkar fá nammi og gos frá jólasveininum.

Heitt á könnunni og Skúffukökur í umsjón Kvenfélags Grindavíkur.



FRÉTTABRÉF SJÓMANNA OG VÉLSTJÓRAFÉLAGS GRINDAVÍKUR

Desember 2016

5.Tölublað 5. Árgangur



Fréttir	
Formannspistill	1
Fiskverð	2
Sjómennt	3
Orlofsfréttir	3
Styrktar og	3
Sjúkrasjóður	3
Aðalfundur, jólaball	4

Rafræn Kosning
21.nóvember hefst rafræn kosning um nýgerðan kjarasamning.
Kosningu lýkur 14.desember kl: 20:00.
Kosninga hnappur er á svg.is.

Mynd á forsíðu : Fjölmennur félagsfundur í aðdraganda kjarasamnings , 150 félagar mættu og stóðu fast að baki sinni forustu. Lj.sm Eyjólfur Vilbergs

Kæru félagsmenn , Ég vil byrja á að þakka þann mikla stuðning sem félagsmenn okkar hafa sýnt okkur í stjórn Sjómanna og Vélstjórafélagi Grindavíkur í þeim kjaradeilum sem við höfum staðið í. Það er von mín og trú að við höfum gert það sem við töldum félaginu fyrir bestu.

Þá vil ég óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári .

Fyrir hönd stjórnar Einar Hannes Harðarson .

Kjaramál:

„Við teljum að boðun verkfalls sé nauðsynleg fyrir okkur til að ná bættum kjörum. Útgerðarmenn vildu ekki koma nægilega mikið til móts við okkur eftir að síðustu samningar voru felldir. Þeir töldu að samningsstaða þeirra væri sterk. Við töldum að við gætum ekki lagt nýjan samning á borðið fyrir okkar félagsmenn nema með umtalsverðum kjarabótum. Útgerðarmenn voru ekki tilbúnir til þess og því var þessi leið farin.

Stærsta málið okkar er myndun fiskverðs. Laun sjómanna á línubátum hafa til dæmis lækkað mjög mikið síðastliðið ár eins og laun allra sjómanna. Þau hafa lækkað með styrkingu krónunnar um 30 til 40%. Á meðan atvinnulífið í landi er á uppleið, eru laun sjómanna á niðurleið. Það sést greinilega á því að nú er erfiðara að manna skip. Menn þurfa að auglýsa eftir vönum sjómenn og það er erfitt að fá þá því þeir eru líka vinsælir í vinnu í landi. Þegar lítið minna fæst fyrir vinnu í landi velja fjölskyldumenn frekar að vera í landi en úti á sjó streðandi allan sólarhringinn fyrir svipað heildar kaup en miklu minna tímakaup.“

Svo dæmi sé tekið um launalækkunina á frystitogurum bendir Einar Hannes á að sé síðasti túr á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK borinn saman við sambærilegan túr í fyrra, 300 tonn af karfa, 100 tonn af ufsa, töluvert af grálúðu og 120 tonn af þorski, hefði aflaverðmætið verið í kringum 250 milljónir þá, en nú var það 165 milljónir. „Það er um 80 milljónum minna og 30 til 40% launalækkun. Karfaverð hefur gjörsamlega hrunið við lokun Rússlandsmarkaðar, fallið um meira en helming. Uppistaðan í aflanum síðast, um 300 tonn, var karfi og það er bara rosalega lélegt verð á karfa.

Dagpeningar voru til umræðu í síðustu samningum og þá komu þau skilaboð frá fjármálaráðherra an hann væri tilbúinn til að samþykkja að sjómenn fengju 500 krónur í dagpeninga skattfrjálssa. Því var hafnað í síðasta samningi með afgerandi hætti þannig að sjómenn vilja greinilega meiri bætur fyrir sjómannaafsláttinn sem af þeim var tekinn.

Ég vona þegar svona skýr niðurstaða kemur út úr þessari atkvæðagreiðslu að útgerðarmenn stokki sín spil upp á nýtt og setjist að samninga borðinu með eitthvað sem við getum náð saman um. Ég tel að ekki þurfi að bera svo mikið á milli, en reyndar eru kröfurnar um fækkun manna á uppsjávarskipum hreint bull og endar það bara með stórslysi. Þar er ekki verið að hugsa um öryggi okkar sjómanna. Það eru ekki nema 8 manns um borð í þessum stóru og flottu skipum og það gengur ekki upp, er ekki boðlegt.“

Einar Hannes segir að þó tekjur útgerðarinnar hafi líka lækkað með lækkun fiskverðs eigi hún engu að síður að geta bætt kjör sjómanna. „Útgerðin hlýtur að geta greitt meiri laun og haft engu að síður hagnað að starfseminni. Við viljum auðvitað að rekstraraðstæður útgerðarinnar sé góðar, en við viljum fá meira af kökunni.

Leiðin hlýtur að vera að hækka fiskverð. Það er ekki boðlegt eins og þetta er orðið á línubátunum. Menn liggja stöðugt í þorski, eru að koma með fullan bát af þorski að landi í hverri veiðiferð og eru ekki að fá í heildarlaun nema langt innan við milljón á mánuði fyrir að fara alla túra og vera langtímum saman burtu frá fjölskyldunni. Þetta gengur ekki.

Þorskverð í beinum viðskiptum hefur lækkað um allt að 35% frá því í fyrra. Verðmyndunarkerfið virkar ekki lengur. Þegar ákveðið var að fara í það var miklu meira af fiski inni á mörkuðunum en nú er og fyrir vikið er verið að ofreikna hlut markaðanna í myndun lágmarksverðs í beinum viðskiptum. Kerfið er orðið úrelt. Það er einfaldlega komið að því að borga verði sjómönnum markaðsverð fyrir fiskinn, þótt útgerðirnar geti tekið sinn fisk beint upp í hús. Það verður að hækka fiskverðið og þá vinna allir á sama fiskverði og þeir sem eiga bæði fiskvinnslu og útgerð geta haldið áfram að taka sinn fisk í eigin vinnslu of halda þannig tengslum veiða og vinnslu,“ segir Einar Hannes Harðarson formaður Sjómannanna og Vélstjórafélags Grindavíkur. Viðtalið er að finna á kvotinn.is

Frá stjórn S.V.G ; ítrekun frá stjórn Sjómannanna og Vélstjórafélags Grindavíkur

Stjórn S.V.G. Ítrekar við félagsmenn að skrifa ekki undir ráðningarsamninga nema með fyrirvara um að þeir standist gildandi kjarasamninga

25% afsláttur af sjófatnaði hjá 66´N

Samkomulag hefur náðst milli SVG og Sjóklæðagerðarinnar um 25 % afslátt til félagsmanna , á það við um allann vinnufatnað. Framvísa þarf félagsskírteini , sem hægt er að prenta út af síðu svg.is/orlofsvefur þar sem félagsmaður fer á „síðan mín“ og prentar út skírteini eða tekur mynd á símann

Félagsmenn eru áminntir um að tikynna slys og önnur óhöpp til skipstjóra og sjá til þess að atvik verði færð í skipisdagbók. Það er á ábyrgð skipstjóra og útgerðar að tilkynna atvik til Tryggingastofnunar ríkisins.

Orlofssjóður:

Einungis er hægt að bóka hús á orlofsvef félagsins ww.orlof.is/svg/.Af gefnu tilefni skal ítrekað við félagsmenn að þeir bóki og greiði sjálfir á orlofsvef félagsins. Á skrifstofu SVG geta félagsmenn keypt miða í Hvalfjarðagöng einnig er er hægt að nálgast kort í sundlaug Grindavíkur .

Ítrekun til félagsmanna ; gæludýr eru bönnuð í orlofshúsum félagsins, ströng viðurlög eru í gildi.

Fréttir: ‘Á árinu seldum við Syðri Brú , keyptir voru tveir nýjir bústaðir , annar í Húsafelli og hinn á Akureyri.

Komið hafa í ljós talsverðar skemmdir á „Pottahúsi” Vesturbrúnar og verður ráðist í lagfæringar strax á nýju ári.

Styrktar og Sjúkrasjóður :

Félagsmaður telst styrkhæfur eftir 6.mánaða iðgjaldagreiðslur , athugið að réttur flyst milli félaga ,að öðru leyti gildir 1.árs regla.

Reikningar sem eru eldri en 12 mánaða gamlir verða ekki greiddir.

Ef félagsmaður er að fá greitt annarstaðar þá á sá aðili ekki rétt á sjúkra/dagpeningum.

Félagsmaður skal skila löglegum reikningi með nafni sínu og kennitölu frá viðurkenndum þjónustuaðila.

Með löglegum reikningi er átt við að viðskiptin þurfa að vera við aðila sem selja þessa þjónustu og gefa út reikninga sem uppfylla öll skilyrði opinberra aðila.

Reglur og lög sjóðsins hafa verið uppfærð á vef félagsins **svg.is**

Sjómennt fyrir sjómenn

Sjómenn munið að sjómennt styrkir ýmiskonar nám og námskeið svo sem, meirapróf vinnuvélanámskeið og margt fleira,hámarks styrkur sem Sjómennt veitir til einstaklings er 75.000 á ári fyrir hvern félagsmann . Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af námskeiðskostnaði.þá er meiraprófið 100.000.-

Stjórn Sjómenntar ákvað að hækka hámark einstaklingsstyrkja úr 60þús. í 75.þús. Einnig samþykkt að hækka endurgreiðsluhlutfall tólmstundastyrkja úr 50% af kostnaði í 75% af kostnaði vegna slíkra námskeiða. Hámark þessara styrkja er óbreytt eða kr. 20þús. og dregst jafnframt af heildarupphæð einstaklingsstyrks viðkomandi árs. Þá var samþykkt að taka upp reglu um uppsafnaðan rétt sem hljóðar á eftirfarandi hátt:

· Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 225.000.- fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðsins. Ferðakostnaður vegna náms í þessum tilvikum getur að hámarki orðið kr. 70.000.- sem hluti af kostnaði náms/námskeiðs.

Samþykkt að ofantaldar breytingar taki gildi frá og og með 1. júlí 2016. Einnig að regla varðandi uppsafnaðan rétt verði endurskoðuð í lok árs 2016.

Sjómenn kynnið ykkur sjómennt.is